



### Erna Freydís Traustadóttir

**MS verkefni:** ADHD lyfjameðferð og samhliða notkun annarra lyfja. Lýðgrunduð þversniðsrannsókn.

**Höfundur:** Erna Freydís Traustadóttir fæddist 30. Júlí árið 1999 og er uppalin í Njarðvík. Foreldrar hennar eru þau Sigríður Pálína Arnardóttir og Trausti Traustason. Haustið 2015 hóf hún framhaldsskólagöngu sína í Noregi og lauk henni af raungreinabraut við Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 2018. Eftir útskrift hóf hún nám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands haustið 2018. Samhliða námi eignaðist Erna son, hann Birni Marínó,

með maka sínum Antoni Frey Hauks Guðlaugssyni. Frá 2017 hefur hún starfað í Reykjanesapóteki og eftir útskrift mun hún starfa áfram þar sem lyfjafræðingur.

**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Athyglisbrestur og ofvirkni er taugabroskaröskun sem getur haft víðtæk áhrif á daglegt líf einstaklinga og framtíðarhorfur þeirra. Einstaklingar með ADHD eru líklegri að glíma við fylgiraskanir og útsettari fyrir að fá ávísað öðrum lyfjum ásamt ADHD-lyfjameðferð. Markmið verkefnisins var að kanna skammtastærðir ADHD-lyfja ásamt samhliða notkun annarra lyfja meðal einstaklinga á ADHD-lyfjum í samanburði við einstaklinga sem notuðu önnur lyf. Rannsóknin var lýðgrunduð þversniðsrannsókn með þöruðum tilfellum og viðmiðum og byggði á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis. Niðurstöður sýndu að einn af hverjum þremur 30-79 ára fullorðinna á ADHD-lyfjum var að jafnaði á lyfjaskömmtum yfir hæstu ráðlögðum dagskömmum. Þá voru einstaklingar á ADHD-lyfjum tvöfalt líklegri en viðmiðahópur að nota lyf sem verka á taugakerfið. Leggja ætti aukna áherslu á heildræna ADHD meðferð sem miðar að því að bæta lífsgæði með markvissri eftirfylgni til að lágmarka aukaverkanir og minnka lyfjabyrði og fjöllyfjanotkun.